

10. desember 2014

## ENDURRIT ÚR FUNDARGERÐABÓK BÆJARSTJÓRNAR ÁRBORGAR

\*\*\*\*\*

**6. fundur bæjarstjórnar Árborgar, kjörtímabilið 2014-2018, haldinn miðvikudaginn 10. desember 2014 kl. 17:00 í Ráðhúsi Árborgar, Selfossi.**

Neðanskráðir bæjarfulltrúar eru mættir:  
Kjartan Björnsson, D-lista, forseti bæjarstjórnar,  
Ásta Stefánsdóttir, D-lista, framkvæmdastjóri,  
Gunnar Egilsson, D-lista,  
Sandra Dís Hafþórsdóttir, D-lista,  
Ari Björn Thorarensen, D-lista,  
Helgi Sigurður Haraldsson, B-lista,  
Eggert Valur Guðmundsson, S-lista,  
Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista,  
Viðar Helgason, Æ-lista

Auk þess situr fundinn Rósa Sif Jónsdóttir sem ritar fundargerð.

Forseti bæjarstjórnar setti fundinn og leitaði afbrigða að taka lið II - fjárhagsáætlun og 3ja ára áætlun, síðari umræða - á dagskrá í lok fundar. Var það borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

### Dagskrá:

#### I. Fundargerðir til staðfestingar

1. **a) 15. fundur bæjarráðs ( 1407137 )** **frá 13. nóvember**  
<http://www.arborg.is/15-fundur-baejarrads-2/>
  
2. **a) 1406097**  
Fundargerð félagsmálanefndar 4. fundur frá 11. nóvember  
<http://www.arborg.is/4-fundur-felagsmalanefndar-arborgar/>
  
- b) 1406098**  
Fundargerð framkvæmda- og veitustjórnar 6. fundur frá 12. nóvember  
<http://www.arborg.is/6-fundur-framkvaemda-og-veitustjornar-2/>

**c) 1406100**

Fundargerð íþróttá- og menningarnefndar 4. fundur frá 12. nóvember  
<http://www.arborg.is/4-fundur-ithrotta-og-menningarnefndar-2/>

**d) 1406099**

Fundargerð fræðslunefndar 4. fundur frá 13. nóvember  
<http://www.arborg.is/4-fundur-fraedslunefndar-3/>

**e) 16. fundur bæjarráðs ( 1407137 ) frá 20. nóvember**

<http://www.arborg.is/6-fundur-baejarrads-2/>

**3. a) 17. fundur bæjarráð ( 1407137 ) frá 27. nóvember**

<http://www.arborg.is/17-fundur-baejarrads-2/>

**4. a) 1406098**

Fundargerð framkvæmda- og veitustjórnar 7. fundur frá 26. nóvember  
<http://www.arborg.is/7-fundur-framkvaemda-og-veitustjornar-2/>

Fundargerð framkvæmda- og veitustjórnar 8. fundur frá 3. desember  
<http://www.arborg.is/8-fundur-framkvaemda-og-veitustjornar-2/>

**b) 1406101**

Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar 5. fundur frá 3. desember

<http://www.arborg.is/5-fundur-skipulags-og-byggingarnefndar/>

**c) 18. fundur bæjarráðs ( 1407137 ) frá 4. desember**

<http://www.arborg.is/18-fundur-baejarrads/>

**Úr fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, samanber 18. fund bæjarráðs, til afgreiðslu:**

- liður 3, málsnr. 1402123 – Tillaga að deiliskipulagi FSu, tillagan hefur verið auglýst og engar athugasemdir borist. Lagt er til við bæjarstjórn að deiliskipulagstillagan verði samþykkt.
- liður 4, málsnr. 1402124 – Tillaga að deiliskipulagi við Krúna (Hraunlist), tillagan hefur verið auglýst og engar athugasemdir borist. Lagt er til við bæjarstjórn að deiliskipulagstillagan verði samþykkt.
- liður 5, málsnr. 1405411 – Tillaga að deiliskipulagi að Austurvegi 51-59 Selfossi. Lagt er til við bæjarstjórn að deiliskipulagstillagan verði auglýst.
  
- liður 2 a) Ari Björn Thorarensen, D-lista, tók til máls um fundargerð félagsmálanefndar frá 11. nóvember.

- liður 2 d) Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, tók til máls um fundargerð fræðslunefndar frá 13. nóvember, lið 1, málsnr. 1411048 – Verkfall tónlistarkennara.
- liður 2 c) Kjartan Björnsson, forseti bæjarstjórnar, tók til máls um fundargerð íþróttá- og menningarnefndar frá 12. nóvember, lið 4, málsnr. 1411026 – Kjör íþróttakonu og -karls Árborgar 2014.

Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, og Kjartan Björnsson, forseti bæjarstjórnar, tóku til máls.

- liður 3 a) Ari Björn Thorarensen, D-lista, tók til máls um fundargerð bæjarráðs frá 27. nóvember, lið 3, málsnr. 1411113 – Starfshópur um hjúkrunnarrými í Árnassýslu.
- liður 4 a) Gunnar Egilsson, D-lista, tók til máls um fundargerð framkvæmda- og veitustjórnar frá 3. desember, lið 1, málsnr. 1411209 – Endurgerð Tryggvagötu 2015.
- liður 4 c) Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, tók til máls um fundargerð bæjarráðs frá 4. desember, lið 3, málsnr. 1305094 – Viljayfirlýsing vegna viðbyggingar við Grænumörk 5 og lagði fram eftirfarandi bókun:

Bæjarfulltrúar S-lista munu ekki ljá máls á því að sveitarfélagið leigi húsnæði undir félagsaðstöðu aldraðra. Það er skoðun undirritaðra að sveitarfélagið komi til með að eiga þá byggingu sem vonandi rís fljótlega.

Eggert Valur Guðmundsson, S-lista  
Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista

Gunnar Egilsson, D-lista, og Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, tóku til máls.

- liður 4 b) Gunnar Egilsson, D-lista, tók til máls um fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 3. desember, aukning á umsóknum um byggingarleyfi í Sveitarfélaginu Árborg.

Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, tók til máls.

- liður 4 c) Ari Björn Thorarensen, D-lista, tók til máls um fundargerð bæjarráðs frá 4. desember, lið 4, málsnr. 1412006 – Samstarf Árborgar og N4 sjónvarps um þátttöku í þáttaröðinni Að sunnan.

Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, og Kjartan Björnsson, D-lista, tóku til máls.

- liður 4 c) Viðar Helgason, Æ-lista, tók til máls um fundargerð bæjarráðs frá 4. desember, lið 5, málsnr. 1410085 – Endurnýjun á samstarfssamningi við Markaðsstofu Suðurlands og endurskoðun samningsfjárhæðar.
- liður 4 c) Viðar Helgason, Æ-lista, tók til máls um fundargerð bæjarráðs frá 4. desember, lið 6, málsnr. 1411206 – Stefnumörkun í atvinnu- og ferðamálum.

- liður 4 b) Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 3. desember, liður 3, málsnr. 1402123 – Tillaga að deiliskipulagi FSu, tillagan hefur verið auglýst og engar athugasemdir borist. Lagt er til við bæjarstjórn að deiliskipulagstillagan verði samþykkt.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

- liður 4 b) Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 3. Desember, liður 4, málsnr. 1402124 – Tillaga að deiliskipulagi við Kríuna (Hraunlist), tillagan hefur verið auglýst og engar athugasemdir borist. Lagt er til við bæjarstjórn að deiliskipulagstillagan verði samþykkt.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

- liður 4 b) Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 3. Desember, liður 5, málsnr. 1405411 – Tillaga að deiliskipulagi að Austurvegi 51-59, Selfossi. Lagt er til við bæjarstjórn að deiliskipulagstillagan verði auglýst.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Fundargerðirnar voru bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða að undanskildum þeim liðum sem áður höfðu verið samþykktir.

**II. 1410168  
Tillaga að breytingu á gjaldskrá Selfossveitna 2015**

Ásta Stefánsdóttir fylgdi gjaldskrá Selfossveitna úr hlaði.

Helgi S. Haraldsson, B-lista, tók til máls.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

**III. 1411143  
Tillaga að breytingu á gjaldskrá fyrir skólavistun í Árborg 2015**

Ásta Stefánsdóttir fylgdi gjaldskrá fyrir skólavistun úr hlaði.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

**IV. 1411144  
Tillaga að breytingu á gjaldskrá fyrir leikskóla í Árborg 2015**

Ásta Stefánsdóttir fylgdi gjaldskrá fyrir leikskóla úr hlaði.

Viðar Helgason Æ-lista, Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, og Kjartan Björnsson, D-lista, tóku til máls.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

**V. 1411145**

**Tillaga að breytingu á gjaldskrá fyrir mat í leikskólum í Árborg 2015**

Ásta Stefánsdóttir fylgdi gjaldskrá fyrir mat í leikskólum úr hlaði.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

**VI. 1411146**

**Tillaga að breytingu á gjaldskrá fyrir skólamat í grunnskólum í Árborg 2015**

Ásta Stefánsdóttir fylgdi gjaldskrá fyrir skólamat í grunnskólum úr hlaði.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

**VII. 1411147**

**Tillaga að breytingu á gjaldskrá fyrir hundahald í Árborg 2015**

Ásta Stefánsdóttir fylgdi gjaldskrá fyrir hundahald úr hlaði.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

**VIII. 1411148**

**Tillaga að breytingu á gjaldskrá fyrir kattahald í Árborg 2015**

Ásta Stefánsdóttir fylgdi gjaldskrá fyrir kattahald úr hlaði.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

**IX. 1411149**

**Tillaga að breytingu á gjaldskrá fyrir félagslega heimaþjónustu í Árborg 2015**

Ásta Stefánsdóttir fylgdi gjaldskrá fyrir félagslega heimaþjónustu úr hlaði.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

**X. 1411150**

**Tillaga að breytingu á gjaldskrá fyrir leigubílaakstur aldraðra í Árborg 2015**

Ásta Stefánsdóttir fylgdi gjaldskrá fyrir leigubílaakstur aldraðra úr hlaði.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

- XI. 1411151**  
**Tillaga að breytingu á gjaldskrá fyrir ferðaþjónustu fatlaðra í Árborg 2015**
- Ásta Stefánsdóttir fylgdi gjaldskrá fyrir ferðaþjónustu fatlaðra úr hlaði.
- Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.
- XII. 1411152**  
**Tillaga að breytingu á gjaldskrá fyrir frístundaklúbbinn Kotið í Árborg 2015**
- Ásta Stefánsdóttir fylgdi gjaldskrá fyrir frístundaklúbbinn úr hlaði.
- Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.
- XIII. 1411153**  
**Tillaga að breytingu á gjaldskrá fyrir Grænumörk 2015**
- Ásta Stefánsdóttir fylgdi gjaldskrá fyrir Grænumörk úr hlaði.
- Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.
- XIV. 1411155**  
**Tillaga að breytingu á gjaldskrá vegna afnota á skólahúsnaði í Árborg 2015**
- Ásta Stefánsdóttir fylgdi gjaldskrá fyrir afnot af skólahúsnaði úr hlaði.
- Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.
- XV. 1411156**  
**Tillaga að breytingu á gjaldskrá vegna fráveitu (tæmingar rotþróa) í Árborg 2015**
- Ásta Stefánsdóttir fylgdi gjaldskrá fyrir fráveitu (tæmingu rotþróa) úr hlaði.
- Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.
- XVI. 1411160**  
**Tillaga að breytingu á gjaldskrá fyrir sorphirðu í Árborg 2015**
- Ásta Stefánsdóttir fylgdi gjaldskrá fyrir sorphirðu úr hlaði.
- Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

## **XVII. 1409093**

### **Fjárhagáætlun 2015 og 3ja ára áætlun – síðari umræða**

Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri, tók til máls og fylgdi úr hlaði viðauka við greinargerð með fjárhagsáætlun fyrir árin 2015 – 2018.

### **Viðauki við greinargerð með fjárhagsáætlun fyrir árin 2015 – 2018**

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Árborgar fyrir árin 2015 - 2018 er lögð fram til seinni umræðu í bæjarstjórn miðvikudaginn 10. desember. Fyrri umræða fór fram þann 12. nóvember síðastliðinn.

Breytingar hafa átt sér stað á milli umræðna og verður farið yfir þær hér á eftir. Einkum verður gerð grein fyrir breytingum á áætlun ársins 2015 en stiklað á stóru yfir áætlanir fyrir árin 2016 – 2018.

#### **Verðbólga**

Í fyrri umræðu var gert ráð fyrir verðbólguþvægni skv. Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands sem var birt í júlí síðastliðinn. Ný þjóðhagsspá Hagstofu Íslands var birt þann 14. nóvember og er verðbólguþvægni breytt samkvæmt henni. Á árinu 2015 fer verðbólga úr 3,4% í 2,7%, árið 2016 fer verðbólga úr 3,2% í 3%, árið 2017 fer spáin úr 2,8% í 2,7% en verðbólgan 2018 er óbreytt frá fyrri umræðu 2,6%.

#### **Hækkanir á gjaldskrá**

Í fyrri umræðu var gert ráð fyrir því að hækka gjaldskrá um 3,4% en í fjárhagsáætlun sem lögð er fram til seinni umræðu er ákveðið að hækka gjaldskrá fyrir þátttökugjöld í leikskóla og skólavistun um 2,7% en ekki 3,4%.

#### **Rekstrarniðurstaða**

Áhrif breytinga á fjárhagsáætlun 2015 lækkar rekstrarafgang úr 13 millj.kr. í 10,6 millj.kr.

Rekstrarafgangur árið 2016 lækkar úr 46,7 millj.kr. í 16,5 millj.kr.

Rekstrarafgangur árið 2017 lækkar úr 135,3 millj.kr. í 100,1 millj.kr.

Rekstrarafgangur árið 2018 lækkar úr 238 millj.kr. í 195,1 millj.kr.

## Breytingar á málaflokkum milli umræðna

Í töflunni hér á eftir má sjá breytingar á málaflokkum milli umræðna :

Í þús.kr	2015	2015	
Aðalsjóður	Fyrri umræða	Seinni umræða	Mismunur
00 Skatttekjur	5.002.055	4.977.055	25.000
02 Félagsþjónusta	-830.696	-830.696	0
04 Fræðslu- og uppeldismál	-2.940.641	-2.941.566	925
05 Menningarmál	-151.584	-154.584	3.000
06 Æskulýðs- og íþróttamál	-582.029	-582.029	0
07 Brunamál og almannavarnir	-77.031	-77.031	0
08 Hreinlætismál	-22.135	-30.135	8.000
09 Skipulags- og byggingamál	-199.405	-195.405	-4.000
10 Umferðar- og samgöngumál	-251.015	-256.015	5.000
11 Umhverfismál	-127.913	-127.913	0
13 Atvinnumál	-32.366	-32.366	0
21 Sameiginlegur kostnaður	-177.067	-177.067	0
22 Lífeyrisskuldbindingar	-34.350	-34.350	0
27 Óvenjulegir liðir	0	0	0
28 Fjármagnsliðir	246.607	253.139	-6.532
	<b>-177.570</b>	<b>-208.963</b>	<b>31.393</b>
Aðrir sjóðir í A-hluta			0
31 Eignasjóður	135.946	156.352	-20.406
71 Fasteignafélag Árborgar slf.	-210.412	-194.952	-15.460
89 Verktækni ehf.	11.211	12.267	-1.056
33 Þjónustumiðstöð	-26.257	-26.185	-72
	<b>-267.082</b>	<b>-261.481</b>	<b>-5.601</b>
<b>Sjóðir í B-hluta</b>			<b>0</b>
51 Byggingarsjóður aldraðra	-22.713	-20.650	-2.063
67 Fráveita	202.203	204.286	-2.083
81 Leigubústaðir Árborgar ehf.	0	-15.336	15.336
77 Selfossveitur	12.874	13.948	-1.074
83 Sandvíkursetur ehf.	-27.422	-25.823	-1.599
69 Vatnsveita	115.176	115.714	-538
	<b>13.036</b>	<b>10.659</b>	<b>2.377</b>



- **Málaflokkur 00 – Skatttekjur**

Tekjur af fasteignaskatti atvinnuhúsnæðis (C-liður) lækka um 25 millj.kr. frá upphaflegri áætlun vegna fyrirhugaðra breytinga á lögum um tekjustofna sveitarfélaga varðandi álagningarstofn fasteignaskatts á atvinnuhúsnæði.

- **Málaflokkur 04 – Fræðslu- og uppeldismál**

Tekjur málaflokksins lækka um 925 þús.kr. milli umræðna. Lækkunina má rekja til þeirrar ákvörðunar að hækka gjaldskrár fyrir þátttökugjöld í leikskólum og skólavistun um 2,7% en ekki 3,4% eins og gert var ráð fyrir í fyrri umræðu.

- **Málaflokkur 05 – Menningarmál**

Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 3 millj.kr. milli umræðna. Um er að ræða hækkun vegna ýmissa styrkja, tengdum íþróttá- og menningarmálum.

- **Málaflokkur 08 – Hreinlætismál**

Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 8 millj.kr. milli umræðna. Aukninguna má rekja til þess að kostnaður sem í upphaflegri áætlun var færður á fjárfestingarhluta áætlunarinnar er nú færður á rekstur. Fjárfestingarhluti áætlunarinnar lækkar sem þessu nemur.

- **Málaflokkur 09 – Skipulags- og byggingarmál**

Fjárheimildir til málaflokksins lækka um 4 millj.kr. milli umræðna sem rekja má til þess að áætlun vegna kostnaðar við deiliskipulag hefur verið lækkuð.

- **Málaflokkur 10 – Umferðar- og samgöngumál**

Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 5 millj.kr. milli umræðna. Aukninguna má rekja til hækkunar á kostnaði vegna fjölgunar strætóferða á Árborgarsvæðinu, en leiðrétt áætlun barst frá SASS á milli umræðna.

## Breytingar á fjárfestingaáætlun

- Í fyrri umræðu voru fjárfestingar árið 2015 áætlaðar 797,9 millj.kr. og í fjárhagsáætlun sem lögð er fram til seinni umræðu hér eru fjárfestingar áætlaðar 792,1 millj.kr. Um er að ræða lækkun um 5,8 millj.kr. Breytingar á fjárfestingaráætlun árið 2015 eru eftirfarandi :

### Eignadeild :

Framkvæmdir hækka um 3.000.000 kr.

### Vatnsveita:

Framkvæmdir lækka um 12.500.000 kr.

### Selfossveitur:

Framkvæmdir hækka um 3.700.000 kr.

- Fjárfestingar árið 2016 lækka um 30,5 millj.kr. milli umræðna.
- Fjárfestingar árið 2017 hækka um 4,5 millj.kr. milli umræðna.
- Fjárfestingar árið 2018 lækka um 7,5 millj.kr. milli umræðna.

## Lántökur

Ný langtímalán eru óbreytt milli umræðna árin 2015 - 2018.

## Skuldahlutfall

Skuldahlutfall í samræmi við útreikning skv. 14.gr. reglugerðar nr. 502/2012

	<u>Fyrri umræða</u>	<u>Seinni umræða</u>
2015	139,7%	148,1%
2016	140,7%	148,9%
2017	140,1%	148,0%
2018	137,3%	145,2%

Ástæðuna fyrir þessari breytingu á skuldahlutfallinu milli umræðna má rekja til þeirrar ákvörðunar að færa rekstur Leigubústaða Árborgar ses inn í samstæðureikning sveitarfélagsins á ný, eru skuldir Leigubústaða færðar inn miðað við áramótastöðu 2013-2014, 720 millj.kr. og tekjur á árinu 2015 áætlaðar 70 millj.kr. Einnig hefur samningur milli Sveitarfélagsins Árborgar og Flóahrepps um öflun og dreifingu vatns, sem gerður var á þar síðasta kjörtímabili, eða hinn 26. apríl 2010, verið færður sem skuld hjá sveitarfélaginu (fyrirfram innheimtar tekjur) að fjárhæð 111 millj.kr.

Viðar Helgason, Æ-lista, Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, Ásta Stefánsdóttir, D-lista, Gunnar Egilsson, D-lista, og Sandra Dís Hafþórsdóttir, D-lista, tóku til máls.

Fjárhagsáætlun 2015 og 3ja ára fjárhagsáætlun var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Helgi S. Haraldsson, B-lista, tók til máls og gerði grein fyrir atkvæði sínu:

*Hér er til afgreiðslu fjárhagsáætlun sveitarfélagsins til næstu fjögurra ára, áranna 2015-2018. Ljóst er að fjármál sveitarfélagsins eru ekki góð og framtíðarhorfur um rekstur þess eru slæmar. Gert er ráð fyrir tapi á rekstri aðalsjóðs öll árin til og með árinu 2018, en tap hans verður á næsta ári rúmar 200 milljónir og heildarrekstrarniðurstaða A- og B- hluta verður hagnaður upp á 10 milljónir. Á sama tíma er gert ráð fyrir að veitufyrirtæki sveitarfélagsins skili afgangi upp á rúmar 330 milljónir og „bjargi“ þannig heildarrekstrinum fyrir horn með afgangi upp á áðurnefndar 10 milljónir.*

*Gert er ráð fyrir því að skuldahlutfall sveitarfélagsins verði öll árin 2015-2018, yfir 150% prósentum, en tæp 150% samkvæmt viðmiðunarreglum. Eftirlitsnefndar um fjármál sveitarfélaga, en þar er leyfilegt að draga frá lífeyrisskuldbindingar þess. Árið 2015 er gert ráð fyrir að taka ný lán upp á 995 milljónir, til framkvæmda og greiðslu eldri lána upp á 744 milljónir. Með þessu er ljóst að meiri lántöku er þörf til að halda rekstri sveitarfélagsins gangandi.*

*Fjárfestingaáætlun sveitarfélagsins árin 2015-2018 sýnir glögglega stöðu sveitarfélagsins og þá stöðu sem það er í. Sjaldan eða aldrei hefur verið gert ráð fyrir eins litlum fjárhæðum í fjárfestingar og uppbyggingu og þegar verst lætur fer það fjármagn niður fyrir 500 milljónir á ári.*

*Glögg dæmi um það hvernig staðan er, er sú staðreynd að meirihlutinn hefur ákveðið að hækka álagningarprósentu fasteignagjalda fyrir árið 2015, nokkuð sem þeir hafa barið sér á brjóst fyrir að hafa lækkað undanfarin ár. Einnig eru allar gjaldskrár hækkaðar í sveitafélaginu um 2,7-3,4%.*

*Mörgum kann að þykja ég vera svartsýnn og mála skrattann á vegginn með orðum mínum, hér að framan, en þetta er eingöngu lýsing á staðreyndum málsins. Rekstur sveitarfélagsins er í járnnum og sú frábæra staða þess, sem sjálfstæðismenn lýstu fyrir kosningar og allur sá árangur sem þeir töluðum um að hafa náð á síðasta kjörtímabili var eintómt froðusnakk, sagt nógu oft til að íbúar og kjósendur tryðu því. Og þar fyrir utan fóru sjálfstæðismenn í blekkingarleik með því að færa Leigubústaði Árborgar út úr samstæðuuppgjöri sveitarfélagsins til að fegra stöðuna, en þeir hafa nú verið reknir með það til baka af Eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaganna.*

*Undirritaður samþykkir gjaldskrárhækkanir og framlagða fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, eftir að hafa tekið þátt í fjárhagsáætlunar vinnunni og séð að ekkert svigrúm er til að leggja*

fram öðruvísi áætlun, nema með miklum niðurskurði á starfsemi þess.

Helgi Sigurður Haraldsson, bæjarfulltrúi B-lista

Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, tók til máls og gerði grein fyrir atkvæðum bæjarfulltrúa S-lista:

Sú fjárhagsáætlun sem hér er lögð fram til afgreiðslu sýnir svart á hvítu, hve þröng fjárhagsstaða sveitarfélagsins í raun er. Fyrir kosningar sl. vor taldi meirihluti sjálfstæðismanna íbúum trú um að hér hefði orðið mikill viðsnúningur og frábær árangur náðst við rekstur sveitarfélagsins. Jafnvægið og árangurinn er ekki meiri en svo að nú þarf að hækka fasteignaskatt á íbúðarhúsnæði og fer álagningarstuðullinn úr 0,275% í 0,3% af fasteignamati, auk þess sem gjaldskrár hækka umfram það sem verðbólguþá gerir ráð fyrir. Það hlýtur að teljast til tíðinda að taka þurfi til baka eitt af stóru kosningalofordum sjálfstæðismanna frá síðasta kjörtímabili um lækkun fasteignaskatts.

Sú ákvörðun sem tekin var í lok síðasta árs að taka Leigubústaði Árborgar út úr samstæðu sveitarfélagsins, að því er virðist eingöngu til þess að fegra skuldahlutfallið og slá ryki í augu kjósenda á kosningaári, er með ólíkindum. Eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga sendi sveitarfélaginu bréf þar sem gerðar voru athugasemdir og kallað var eftir rökstuðningi vegna þessa undarlega gjörnings. Niðurstaðan er sú að taka þarf þessa ákvörðun tilbaka og færa Leigubústaði Árborgar aftur inn í samstæðureikning sveitarfélagsins. Þetta þýðir hækkun á skuldahlutfalli sveitarfélagsins um ca. 10% og að sveitarfélagið sé komið á þröskuldinn hjá Eftirlitsstofnun um fjármál sveitarfélaganna.

Sú staðreynd að skuldahlutfall sveitarfélagsins er í raun við þau mörk sem sett eru í fjármálaeðlum sveitarfélaga setur þær ákvarðanir sem teknar hafa verið um framkvæmdir og fjárfestingar á árinu í nýtt ljós. Ekki er skrytið að menn efist um að svigrúm hafi í raun verið til þess að fara út í sundlaugarviðbyggingu ásamt kaupum á Laugardælalandinu á sama tíma, miðað við þá þröngu stöðu sem sveitarfélagið er í. Einnig er ljóst að ekki verður hægt að fara í nauðsynlega stækkun á félagsaðstöðu í Grænumörk miðað við þessa stöðu.

Viðhald fasteigna, gatna og annarra eigna sveitarfélagsins hefur á síðasta kjörtímabili verið í algjöru lágmarki. Ljóst er að ekki verður breyting á því á næsta ári og sannarlega ástæða til þess að hafa sérstakar áhyggjur af því. Í fjárfestingaráætlun ársins 2015 eru fáar stórar fjárfestingar sem taka stærsta hlutann af nýfjárfestingum. Það þýðir að nauðsynleg smærri verkefni verða enn að bíða.

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar telja brýnasta hagsmunamál sveitarfélagsins að minnka skuldirnar. Það er alger forsenda þess að eðlileg uppbygging geti átt sér stað og til þess að háu þjónustustigi við íbúana sé viðhaldið.

Vel hefur verið vandað til undirbúnings og skipulags fjárhagsáætlunarvinnunnar að þessu sinni og ber að þakka starfsmönnum sveitarfélagsins fyrir það. Þó þarf að gera aðkomu fagnefnda sveitarfélagsins meiri að fjárhagsáætlanagerðinni en nú er. Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar munu samþykkja þá fjárhagsáætlun sem hér er til afgreiðslu. Það gerum við í ljósi þess að hlustað hefur verið á og tillit tekið til okkar tillagna og athugasemda við gerð áætlunarinnar. Það skiptir miklu máli að allir bæjarfulltrúar leggi sitt af mörkum við

*fjárhagsáætlunargerðina því þannig tryggjum við að áætlunin endurspegli og þjóni hagsmunum allra íbúa sveitarfélagsins.*

*Arna Ír Gunnarsdóttir bæjarfulltrúi S-lista*

*Eggert Valur Guðmundsson bæjarfulltrúi S-lista*

Ásta Stefánsdóttir, D-lista, tók til máls og gerði grein fyrir atkvæðum bæjarfulltrúa D-lista:

*Bæjarstjórn Árborgar hefur tekið þá ákvörðun að færa tekjur og skuldir Leigubústaða Árborgar ses inn í samstæðu sveitarfélagsins. Í árslok 2013 var ákveðið að færa reksturinn úr einkahlutafélagi yfir í sjálfseignarstofnun, eins og heimilt er skv. lögum. Í framhaldinu var sú ákvörðun tekin með samhljóða samþykkt ársreiknings í bæjarstjórn sl. vor að taka uppgjör Leigubústaða út úr samstæðureikningi sveitarfélagsins. Sú ákvörðun varð ekki þess valdandi að skuldahlutfall fór undir lögboðið viðmið, þeim áfanga hafði þegar verið náð. Ákvörðunin byggði m.a. á því að á árunum 2011-2013 hafði verið gerð sú breyting á rekstri félagsins að hann var orðinn sjálfbær, þannig að ekki var lengur þörf á árlegu framlagi úr bæjarsjóði til að standa undir afborgunum, viðhaldi og daglegum rekstri, en áður hafði árleg meðgjöf numið allt að 25 mkr. Einnig var ljóst að eignir Leigubústaða stóðu fyllilega undir skuldbindingum. Skýrt var tekið fram í greinargerð með ársreikningi sveitarfélagsins hvaða fjárhæðir um var að ræða varðandi skuldir Leigubústaða Árborgar og skuldanna getið í ársreikningi sem ábyrgðarskulda. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga ritaði Árborg bréf á haustmánuðum þar sem óskað var upplýsinga varðandi þessa ráðstöfun. Í framhaldi af fundi fulltrúa sveitarfélagsins með nefndinni hefur af hálfu sveitarfélagsins verið tekin sú ákvörðun að hafa frumkvæði að því að færa rekstur sjálfseignarstofnunarinnar inn í samstæðu sveitarfélagsins, fremur en að taka upp rökræður við nefndina um réttmæti þess að halda rekstrinum utan samstæðu, þrátt fyrir að það liggi fyrir að það sé með nokkuð mismunandi hætti hvernig ábyrgðarskuldbindingar eru afgreiddar í reikningum sveitarfélaga. Verður Eftirlitsnefndinni tilkynnt um þá ákvörðun og vænta má að málinu sé þar með lokið.*

Bæjarstjórn Árborgar sendir starfsmönnum og íbúum öllum hugheilar jólakveðjur.

Fleira ekki gert. Fundargerðin lesin upp og fundi slitið kl. 19:05

---

Ásta Stefánsdóttir

---

Sandra Dís Hafþórsdóttir

---

Ari Björn Thorarensen

---

Gunnar Egilsson

---

Kjartan Björnsson

---

Helgi Sigurður Haraldsson

---

Eggert Valur Guðmundsson

---

Viðar Helgason

Arna Ír Gunnarsdóttir

---

Rósa Sif Jónsdóttir, ritari